Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Málefni og bréf til bæjarverkfræðings 1908-1920

Aðfnr. 1679, örk 12


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

17.0
―――
1906

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vísað til veganefndar.

Mæla innan girðingar JM

Þar eð við undirritaðir höfum í hyggju að fá erfðafestubrjef fyrir erfðafestulöndum þeim, er við með kaupsamningi, dagsettum 25. apríl 1904, og afsali, dagsettu sama dag, fengum til eignar hjá Sveini trjesmið Jónssyni, þá til heimilis hjer í bæ, en útmælingar á löndum þessum, einkum hinu síðast útmælda landi, er ónákvæm að því er stærð snertir, þá leyfum við okkur hjermeð virðingarfyllst að fara þess á leit við bæjarstjórn Reykjavíkur kaupstaðar, að hún hlutist til um að ný útmæling fari fram á nefndum löndum, sem liggja fyrir sunnan Laugaveg við Rauðarárholt og nánar sjást tilgreind í
1. viðlögðu eftirriti af útskrift úr gjörðabók Reykjavíkur kaupstaðar.

Reykjavík 3. apríl 1906

Árni Guðmundsson Laugaveg 66
Guðm. Magnússon Lindargötu nr. 5

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur kaupstaðar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.0
1909.

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

106

Á síðasta fundi var tekin til meðferðar beiðni frá Þórhalli biskup Bjarnarsyni, sú er hjer með fylgir eptirrit af um að fá á erfðafestu landstykki sunnan við erfðafestu-lönd hans. En áður en bæjarstjórnin tekur ákvörðun um beiðni þessa, vill hún fá kort af erfðafestulandi hans ásamt landspildu þeirri er hann nú biður um, og þannig að á kortinu sje sýnt, hvar um erfðafestulöndin komi til að liggja, fyrirhuguð hringbraut kringum bæinn svo og skemmtigarður kringum Tjörnina að sunnanverðu. Er því hjer með lagt fyrir yður, herra bæjarverkfræðingur, að láta mjer í tje ~~slit~~ kort þetta hið allra fyrsta að hægt er.-

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðingsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11.okt.1909

105

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi heimilað Axel Meinholt fóðrara einn hektar af landi til erfðafestu i Norðurmýrinni og Pjetri kaupmanni Hjaltested 2 hektara i sömu mýri.Hvorutveggja landið afhendist samkvæmt útmælingu yðar, er ber að gjöra i samráði við fasteignarnefndina og hlutaðeigendur.-

Jafnframt því að tilkynna yður þetta,er þess farið á leit að þjer útmælið lönd þessi ,og jeg þyrfti einnig að fá frá yður hið allra fyrsta kort yfir þann hluta Norðurmýrarinn-ar,sem enn þá ekki er látinn á erfðafestu.

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðingsins i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

22. okt. 1909

161

Bæjarstjórnin hefur á fundi i gær samþykkt að veita Pjetri snikkara Ingimundarsyni og Helga Jónssyni steinsmið á erfðafestu landstykki i Kringlumýri norðanverðri,norðan meðfram vatnsveituveginum og upp að löndum Árna Gislasonar pósts og Páls skólastjóra Halldórssonar,þó ekki meira en 2,5 hektara að stærð.Land þetta eruð þjer,herra bæjarverkfræðingur beðinn um að útmæla og afhenda mjer kort yfir það hið fyrsta,til þess að erfðafestubrjef verði gefið út fyrir þvi.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
17. des. '09.

348

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarverkfræðingur, erindi Ólafs Jónssonar, Hverfisg. 18 um að fá viðbót við erfðafestuland hans við laugarnar, er vísað var til yðar.

Páll Einarsson

Til
bæjarverkfræðingsins

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.o / 1910    Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

2.sept.1910 288

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær samþykkt svolátandi tillögu fásteignarnefndar frá fundi 29.f.m.: "Ólafur Eiriksson,söðlasmiður,Vesturg.26 b,sækir um að fá á erfðafestu hjer um bil 2 vallardagsláttur i austanverðum norðurenda Jaðarsholts.-

Nefndin leggur til,að honum verði lá-tinn á erfðafestu með venjulegum kjörum allt að 1 hektar af landi vestanvert við Kaplaskjólsveginn,þar sem útmælt verður af umboðsmanni bæjarins eptir samkomulagi við beiðanda.Sje ræktunartiminn 4 ár að meðtöldu girðingarárinu.-"

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra bæjarverkfræðingur,og vænti jeg að þjer mælið Ólafi út landið við fyrstu hentugleika.-

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16.sept.1910 332

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær samþykkt svohljóðandi tillögu fasteignarnefndar:

" A.J.Johnson biður um að fá á erfðafestu með venjulegum kjörum 5 vallardagsláttur af bæjarlandinu austan við Bráðræðistúnið og sunnan við tún Pálma kennara Pálssonar.-

Nefndin leggur til að honum verði látnir á erfðafestu allt að 2 hektarar úr mýrinni vestanvert við Kaplaskjólsveginn og sunnan við tún Pálma Pálssonar eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins.Sje ræktunartiminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra bæjarverkfræðingur,hjer með.-

Páll Einarsson.

Herra

bæjarverkfræðingur Sig.Thoroddsen.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

16.sept.1910 335

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum i gær,samþykkt svolátandi tillögu fasteignarnefndar "

"Sveinn Jón Einarsson biður um að fá á erfðafestu 2 hektara úr Kaplaskjólsmýrinni vestur og norður af landi því,er A.J.Johnson hefur beðið um.Nefndin leggur til að honum verði veitt land þetta eptir nánari útmælingu bæjarverkfræðingsins og sje ræktunartiminn 6 ár að meðtöldu girðingarárinu.-

Þetta leyfi jeg mjer að tilkynna yður,herra bæjarverkfræðingur,hjer með.-

Páll Einarsson

Til

Bæjarverkfræðingsins.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

17.sept.1910 353

Bæjarstjórnin hefur á fundi sinum 15.þ.m. samþykkt tillögu fasteignarnefndar frá fundi 13.þ.m. um að Th.Thorsteinsson kaupm. verði látin á leigu landspildan milli leigulands hans og tjarnarinnar annarsvegar og Laugarnesvegarins hinsvegar,suður að Kirkjubólslandinu,þó með þeirri breytingu,að ræman meðfram Laugarnesveginum var ákveðin 45 álnir.-

Páll Einarsson.

Til

Bæjarverkfræðingsins i Reykjavik.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur
21. okt. 1910.

501

Bæjarstjórnin hefur á síðasta fundi samþykkt að verða við beiðni yðar og láta ykkur fá allt að 2 hektara á erfðafestu úr Kirkjumýrinni þar sem bæjarverkfræðingurinn útvísar ykkur landið. – Landið er látið með venjulegum erfðafestukjörum og er ræktunartíminn 6 ár, að meðtöldu girðingarárinu. – Ber ykkur að snúa ykkur til bæjarverkfræðingsins þegar þið viljið fá landið útmælt og verðið þið að fá erfðafestubrjef fyrir landinu áður en þið byrjið að rækta það

Páll Einarsson

Herra
Bjarni Þorláksson, Grettisgötu 35a og
Jón Ólafsson, Grettisgötu 35b

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.0
—
1912

Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

14. marz 1912.

227

Eins og meðfylgjandi erfðafestubrjef og uppdráttur sýnir var kaupmanni Pjetri Hjaltested árið 1910 látin á erfðfestu mjó landspilda sunnan við erfðafestuland hans á Sunnuhvoli. Landið átti að takmarkast að sunnan af Sigurlaugarstig, sem var og á að vera 6 álna breiður og landið var Hjaltsed útmælt þannig af þá verandi bæjarverkfræðingi Sigurði Thóroddsen. Í stað þess að halda þessi takmörk hefur nefndur kaupmaður Pjetur Hjaltested afgirt stærra land en hann átti, girt inn á Sigurlaugarstig og það þannig, að umferð um hann er tálmuð. Auk þess hefur hann girt með gaddavir meðfram veginum, sem einnig er ólöglegt.-

Þetta þarf að lagfærast og hef jeg krafizt þess af erfðafestueiganda, en hann ekki gjört það til þessa. Er því hjer með lagt fyrir yður, herra bæjarverkfræðingur, að láta flytja flytja girðinguna á hin rjettu takmörk ef erfðafestu eigandi hefur ekki sjálfur gjört það innan 14 daga hjer frá.-

Jeg bið yður að taka kopiu af kortinu, því það er áríðandi, að frumrit þess sje hjer geymt á skrifstofu minni.-

Páll Einarsson.

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. marz 1912.

264

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með beiðni H.P.Duus um að fá leigt horn af Stóra-Seltstúni til fiskverkunar. Erindi þessu er visað til yðar, til þess að þjer gjörið kort og og mælingu af landi því, er væntanlega verður látið umsækjanda á leigu. Ber yður hvað þetta snertir að fá að vita sem fyrst hjá H.P.Duus hve mikið land það óskar að fá og hvar. Og áður en uppdráttur verður gjörður vill fasteignarnefndin eða að minnsta kosti jeg eða annar úr henni ganga á staðinn og ákveða landið.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

26. marz 1912.

264

Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, hjer með beiðni H.P.Duus um að fá leigt horn af Stóra-Seltstúni til fiskverkunar. Erindi þessu er vísað til yðar, til þess að þjer gjörið kort og mælingu af landi því, er væntanlega verður látið umsækjanda á leigu. Ber yður hvað þetta snertir að fá að vita sem fyrst hjá H.P.Duus hve mikið land það óskar að fá og hvar. Og áður en uppdráttur verður gjörður vill fasteignanefndin eða að minnsta kosti jeg eða annar úr henni ganga á staðinn og skoða landið.-

Páll Einarsson

Til bæjarverkfræðings Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

26. marz 1912.

265

Samkvæmt því er umtalað var á síðasta bæjarstjórnarfundi sendi jeg yður, herra bæjarverkfræðingur, umsóknir þeirra Jóhanns kaupmanns Jóhannessonar og Árna Jónssonar á Grimsstöðum um að fá erfðafestuland í Vatnsmýrinni. Jeg óska þess, að þjer einnig talið við Árna Jónsson um það, hvort hann treysti sjer til að taka meira land í Vatnsmýrinni, en hann biður um og rækta það á þeim tíma, sem hæfilegur má álitast.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

24. júni 1912.

578

Samkvæmt tillögu fasteignarnefndarinnar samþykkti bæjarstjórnin á síðasta fundi að fresta að taka ákvörðun um hvort nota skyldi forkaupsrjetta að erfðafestulandi Kristjáns S. Sigurðssonar við laugarnar, er hann ætlar að selja Emil Rokstad. Var svo til ætlast að áður skyldi leita samninga um að fá skipt á nokkru af landi þessu við annað land þar hjá jafnstórt. Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, erindi Kristjáns S. Sigurðssonar þessu viðvikjandi og bið yður að fyrir næsta bæjarstjórnarfund að reyna að fá því framgengt að skipti þessi fáizt samkvæmt því, er við töluðum um á síðasta fasteignarnefndarfundi. Vænti jeg svo að málið verði aptur lagt fyrir næsta fasteignarnefndarfund með tillögum yðar.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

24. júní 1912.

578

Samkvæmt tillögu fasteignarnefndarinnar samþykkti bæjarstjórnin á síðasta fundi að fresta að taka ákvörðun um hvort nota skyldi forkaupsrjett að erfðafestulandi Kristjáns S. Sigurðssonar við laugarnar, er hann ætlar að selja Emil Rokstad. Var svo til ætlast að áður skyldi leita samninga um að fá skipt á nokkru af landi þessu við annað land þar hjá jafnstóru. Jeg sendi yður, herra bæjarverkfræðingur, erindi Kristjáns S. Sigurðssonar þessu viðvíkjandi og bið yður að fyrir næsta bæjarstjórnarfund að reyna að fá því framgengt að skipti þessi fáist samkvæmt því, er við töluðum um á síðasta fasteignarnefndarfundi. Vænti jeg svo að málið verði aptur lagt fyrir næsta fasteignarnefndarfund með tillögum yðar.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

170/1913 Brjef

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

11. april 1913.

7250

Þeir Guðmundur Helgason ,Laugaveg 119 og Bjarni Helgason Njálsgötu 50 hafa boðið bænum forkaupsrjett að erfðafestulöndum,er þeir hafa fengið i Kirkjumýrinni.En bæjarstjórnin vildi ekki segja af eða á um hvort hún vilji taka löndin til sin eða nota forkaupsrjettinn fyr en skýrsla væri fengin um það, hve mikið væri búið að rækta til túns eða sáðlands af löndum þessum.Jeg bið yður því,herra bæjarverkfræðingur að mæla hve mikið hvor um sig af þessum mönnum sje búinn að rækta af landi sinu og jafnframt meta hve kostað muni hafa girðing sú,er þeir hafa sett i kring um löndin.Þessa skýrslu óska jeg að fá fyrir fasteignarnefndarfund næsta mánudag.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavikur

7. júli 1913.

204

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að láta Hólmfriði Gisladóttur fá i staðinn fyrir spildu þá, er tekin var af erfðafestulandi hennar á melunum jafnstóra spildu á erfða festu þar hjá. -Er lagt fyrir yður að mæla henni út spildu þessa, þar sem við höfum talað um.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavikur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Borgarstjóra Reykjavíkur

7. júlí 1913.

204

Hjer með tilkynnist yður, herra bæjarverkfræðingur, að bæjarstjórnin hefur samþykkt að láta Hólmfríði Gísladóttur fá í staðinn fyrir spildu þá, er tekin var af erfðafestulandi hennar á melunum jafnstóra spildu á erfða[festu] þar hjá. -Er lagt fyrir yður að mæla henni út spildu þessa, þar sem við höfum talað um.-

Páll Einarsson

Til Bæjarverkfræðings Reykjavíkur.-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.0
———
1914

Bréf

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Reykjavík 8. september 1914.

E/11

Bæjarstjórnin hefur samþykkt að selja Oddi J. Bjarnasyni, Bjargarstíg 6, á erfðafestu c $7\frac{1}{2}$ hektar af Vatnsmýrinni og liggur land þetta fyrir austan erfðafestuland þeirra Gísla og Guðmundar Jónssona, en vegastæði á milli, og nær hinsvegar frá tröðunum eftir endilangri mýrinni að járnbrautinni.

Skal jeg því biðja yður, herra verkfræðingur, að mæla land þetta og láta mjer í tje tvíritaðan uppdrátt af því.

K. Zimsen.

Til

bæjarverkfræðingsins.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Reykjavík 8. september 1914.

E/5

Bæjarstjórnin hefur samþykt að veita Steingrími og Gísla Sveinssonum c $\frac{1}{2}$ dagsláttu á milli Sveinsstaðabletts og Kaplaskjólsvegar til erfðafestu, en þó skal undanskilin 20 metra ræma meðfram veginum. ~~Bletturinn leigist með venjulegum erfðafestuskilmálum. Ræktunartími sje 3 ár~~.

Skal jeg biðja yður, herra verkfræðingur, að mæla þenna blett og láta mjer í tje tvíritaðan uppdrátt af honum.

K. Zimsen.

T i l

b æ j a r v e r k f r æ ð i n g s i n s .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Reykjavík 11.ágúst 1914.

E/5

Hjermeð sendi jeg yður, herra bæjarverkfræðingur, erindi Steingríms og Gísla Sveinssona á Sveinsstöðum, en erindi þessu hefur bæjarstjórnin vísað til yðar til athugunar.

Vænti jeg, að þjer gefið fasteignanefndinni upplýsingar um málið á næsta fundi hennar um helgina.

K Zimsen.

T t l

b æ j a r v e r k f r æ ð i n g s i n s .

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17.0
1918

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fulltr. bæjarverkfr. 5/3-18.

Reykjavík, 4. mars 1918.

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Hér með leyfi eg undirritaður að fara þess á leit við heiðraða bæjarstjórn Reykjavíkur, að fá landspildu á erfðafestu í viðbót við erfðafestuland það, er eg nú á, Leynimýri í Öskjuhlíð.

Land þetta, er eg óska að fá, er, eins og meðfylgjandi, hinsvegarritud, lauslag teikning sýnir, áfast við áðurnefnt erfðafestuland mitt, 25 faðma breið spilda að vestan og norðan við það og 27 faðma breið að austan við norður hluta þess. Óll óræktuð og mjög grýtt.

Vona eg góðra undirtekta.

Virðingarfyllst.

Jón Einarsson

Borgarstjórinn i Reykjavík | E/1 | 5/3 1918

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ö s k j u h l …




Mál í faðmum. 1 …

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

l í ð

…ður)


47,5 m
25
Melur
27
50,8
26½
4,98
51,1 m
27
28,2
15
Vegur.
138,0
73½
…nýri.
…r)
Hafnarfjarðarvegur
…m. 1 cm. = 6 faðmar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frestað 16/4-1918
[illegible] uppdrætti

Við undirritaðir leyfum okkur hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn, að hún sjái sjer fært að selja okkur á erfðafestu þríhyrningslóðarspildu þá, sem er norðan Hafnarfjarðarvegs fyrir innan Hlíð uppað landi Magnúsar Blöndahls (áður Lárusar Pálssonar).

Óskum svars hið bráðasta, þar sem við hugsum strax að girða og rækta landið.

Reykjavík 8. apríl 1918

Virðingarfyllst

Sigurður Halldórsson Þingholtsstr 7

Guðmundur Halldórsson

Grundarstíg 5

Til bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Borgarstjórinn í Reykjavík 10/4 1918

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bæjarverkfr. 18/9-17

Jeg undirritaður Guðm. Helgason, til heimilis í Eskihlíð við Reykjavík, leyfi mjer hjermeð að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkurkaupstaðar að hún selji mjer á erfðafestu landspildur þær, er liggja óræktaðar og ónotaðar meðfram erfðafestulöndum mínum í Minni svonefndu Norðurmýri við Reykjavík.-

Eskihlíð 19/9 1917.-

Guðm Helgason

Til

bæjarstjórnar Reykjavíkur.-

Borgarstjórinn i Reykjavík 18/9 1917

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

No 10

Vísað til bæjarverkfræðings

Hjer með vil jeg leyfa mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn að hún gjöri svo vel og veiti í erfðafestu landspildu þá sem er norðan í Öskjuhlíð og liggur austan við útmældan blett Gests Guðmundssonar. Landspilda þessi er afmörkuð á þrjá vegu erfðafestu land Péturs Hjaltested að norðanverðu — — land Þorgríms Guðmundssonar að sunnanverðu og einnig og áður er umgetið land Gests Guðmundsson að vestanverðu.

Virðingarfyllst.

Reykjavík 9. júlí 1917.

Jón Jónsson.

Laugaveg 71.

norðanhalli við skíðabrautina

Þorgr. Guðm.

Til Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

Borgarstjórinn í Reykjavík 19/7 1917

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirskrifaður óska eftir að mér verði gefin kostur á garðræktunar-landi; til notkunar, með-fram laugalæknum við land Einars Markússonar, ca. 100 ferhirningsfaðmar, sem verður tekið til ræktunar á næstu vori.

Virðingarfylst
18/12 1918.
Sigvaldi Þorkelsson

Laugaveg 73

Rvík.

Borgarstjórinn í Reykjavík D/72 18/12 1918

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með leyfi jeg mjer að fara þess á leit að hæstvirt bæjarstjórn Reykjavíkur vildi, með venjulegum skilyrðum, láta mæla mjer út sem erfðafestuland, viðbót við núverandi erfðafestuland og lóð mína, Melbæ í Kaplaskjóli: Er það melur sá sem liggur á milli Melbæjarlands og Hólslands og melurinn sem liggur milli Hólslands, Melbæjarlands, Nýborgarlands og vegarins. Mun þetta vera um hálf dagslátta.

Er það ásetningur minn að nota landið til garðræktar og koma því þegar í rækt á næsta vori, að svo miklu leyti sem mjer er unt.

Reykjavík 18. des. 1918

Virðingarfyllst
Valdemar Kr. Árnason
Melbæ Kaplaskjóli

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

Borgarstjórinn Reykjavík E/ 20/12 1918

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur